

Höfðabrekkuafreittur

- Upphafsstaður: Þjóðvegur 1 við afleggjara að Kerlingardal.
- Endapunktur: Þakgil.
- Vegalengd: Um 18 km.
- Fært: Jeppar, lágmark 2 bílar



Lagt er af stað frá Þjóðvegi 1, skammt austan við Vík í Mýrdal, nánar tiltekið við afleggjara að Kerlingardal. Ekið er inn með Kerlingardalsá framhá bæjum sem standa sitt hvoru megin við ána, Fagridalur vestan ár og Höfðabrekka og Kerlingardalur austan. Síðan er sveigt frá ánni til austurs og ekið upp brekkur framhá eyðibýlinu Reynisbrennu en þar hefur verið rekið Farfuglaheimili.

Gamlar leiðir liggja hér austur á brúnir, því áður fyrr var sjór þar sem Þjóðvegur 1 er nú framan við Höfðabrekkurnar. Við erum á gamla Þjóðveginum austur um sveitir sem farinn var, þar til að hlaup í Múlakvísl rauf hann 1955. Nú erum við komin upp á Höfðabrekkuheiðar og komum við að þar sem landslag breytist mikið, úr mjúku, grasivöxnu landi í kamb úr gjóskubergi. Heitir hér Lambaskörð. Dæld er á hægri hönd sem Glompaheitir og er ekið í sveig um hana. Bratt er líka af kambi þessum á vinstri hönd. Í Lambaskörðum eru miklir bergstandar með allskyns furðumyndum og hellisskútum. Hellir sem heitir Stórhellir er í klettabrúnini í Glompu og nær undir veginn. Í skarðinu út úr Lambaskörðum er skemmtilegur hellisskúti með súlum við inngang, glugga og svölum (gætið barna).

Þá er ekið út um skarðið og erum við þá komin á grasigrónar heiðar. Skömmu síðar er

farið yfir Illagil á brú. Brúin er þröng. Nú opnast mikið útsýni þegar komið er fram á Léreftshöfuð. Beint í austur er Selfjall og þar á milli rennur Múlakvísl. Örlítið norðar sést Hafursey á Mýrdalssandi. Norðan við hana er Höfðabrekkujökull og svo sjást undirhlíðar Mýrdalsjökuls með miklum giljum. Á milli þeirra kallast höfuð, t.d. Vondhöfuð og Þakgilshöfuð. Lækir renna úr giljunum og sameinast í á sem kallast ýmist Afréttisá eða Múlakvísl. Á þessi rennur svo til Sandvatns sem er jökulá sem kemur undan Höfðabrekkujökli. Eftir að ár þessar sameinast heita þær Múlakvísl, allt til sjávar. Mest af vatni Múlakvísar kemur undan Höfðabrekkujökli.

Nú er farið niður brattar brekkur og endar gamli Þjóðvegurinn þar sem Múlakvísl rauf brúna sem á henni var. Beygt er út af veginum til vinstri og ekið upp aura Múlakvísar (Afréttisár) og þarf að fara oft yfir hana. Hér er slóðin ógreinileg og sumstaðar illgreinanleg. Nú opnast útsýni til vesturs og á hægri hönd er vítt gil sem heitir Þakgil. Hægt er að aka inn gilið og þá opnast fljótlega gil til vesturs úr Þakgili. Liggur slóði þar inn og upp úr því upp undir jökul. Slóðinn er brattur og varasamur, sérstaklega í bleytutíð.

Áfram er ekið inn Þakgil þar til komið er að enda slóðans og eru þá gilveggirnir lóðrétt berg – tugametra háir allt um kring.